Akureyrarbær

Alþingi - Fjárlaganefnd
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 12. desember 2021
2021120559 01-301

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um fjárlagafrumvarp 2022

Akureyrarbær fagnar því að rætt sé sérstaklega um hlutverk sveitarfélagsins sem svæðisborgar í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Mikil vinna hefur nú þegar verið lögð í undirbúning málsins og var skýrslu um það skilað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra síðasta sumar. Akureyrarbær leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að halda verkefninu áfram og að árið 2022 líti dagsins ljós stefna um svæðisbundið hlutverk sveitarfélagsins sem stærsta þéttbýliskjarnans á landsbyggðinni, ásamt tímasettri, fjármagnaðri aðgerðaráætlun. Við leggjum einnig áherslu á að þessi stefnumótun fari fram í góðu samstarfi ríkisins, Akureyrarbæjar og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og lýsum okkur að sjálfsögðu reiðubúin til áframhaldandi samstarfs.

Akureyrarbær er sammála umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjárlagafrumvarpið þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að sveitarstjórnarstigið verið eflt. Skorað er á ríkisvaldið að tileinka sér ávallt þau vinnubrögð að kostnaðarmeta ákvarðanir sem hafa áhrif á rekstur sveitarfélaga og eiga viðræður við þau um kostnaðarskiptingu áður en ákvarðanir taka gildi.

Í þessu samhengi er vert að geta þess að það reynist rekstri Akureyrarbæjar þungt í skauti að mörg hundruð milljónir króna vantar frá ríkinu til sveitarfélagsins vegna málaflokks fatlaðs fólks. Þá liggur fyrir að frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna mun leiða til aukins kostnaðar í rekstri sveitarfélaga þótt enn sé erfitt að henda reiður á hversu háar fjárhæðir um er að ræða til lengri tíma litið.

Auknar kröfur og kostnaður vegna lögbundinna verkefna sveitarfélaganna þrengja það svigrúm sem þau hafa til ólögbundinna verkefna líkt og íþrótta- og menningarmála. Það getur síðan haft áhrif á samkeppnishæfni svæða og byggðaþróun í landinu.

Eftirfarandi eru nokkur atriði sem með einum eða öðrum hætti lúta öll að því að styrkja stöðu Akureyrar sem svæðisborgar og mikilvægt er að ráða bót á með viðunandi hætti eins fljótt og frekast er kostur:

Bæjarstjóri

Geislagata 9 600 Akureyri (354) 460 1000 asthildur@akureyri.is www.akureyri.is

- Tryggja þarf til framtíðar fjármagn til mikilvægra samfélagslegra verkefna innan sveitarfélagsins, s.s. Bjarmahlíðar – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, Aflsins og Kvennaathvarfsins. Úrræðin hafa nú þegar sannað gildi sitt og eru rekin í miklu og góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og Lögregluna á Norðurlandi eystra.

- Hækka þarf framlög ríkisvaldsins til Fjölsmiðjunnar og treysta þau. Framlög Akureyrarbæjar hafa nýverið hækkað til að mæta rekstrarvanda en illa gengur að fá sambærilegar hækkanir frá ráðuneyti málaflokksins. Hætt er við að úrræðið leggist af ef ekki kemur til hækkunar á framlögum ríkisins úr fimm í átta milljónir króna.

- Mikilvægt er að efla Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri og þá sérstaklega Hlíðarfjall sem þjóðarleikvang skíðaíþróttarinnar.

- Fjármögnun skylduskila Amtsbókasafnsins á Akureyri hefur ekki verið leyst nema til bráðabirgða með eingreiðslu á síðasta ári. Mikilvægt er að leysa þau mál til frambúðar. Þá harmar Akureyrarbær að enn hafi ekki náðst samkomulag um rekstur skáldahúsanna í bænum sem þó hefur verið til umræðu í mörg ár.

- Fyrr á þessu ári var undirritaður nýr 3ja ára menningarsamningur milli Akureyrarbæjar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fagnaðarefni er að hækkun varð á framlögum milli áranna 2020 og 2021. Hins vegar verða ekki frekari hækkanir á framlagi ríkisins á samningstímanum sem er ígildi skerðingar. Með hliðsjón af svæðisborgarhlutverkinu er mikilvægt er að taka upp ný viðmið um framlög ríkisins til atvinnustarfsemi í listum og menningu á Akureyri þannig að það verði að lágmarki 10% af framlögum þess til sambærilegrar starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, byggt íbúafjölda á þjónustu- og áhrifasvæði Akureyrar.

- Við fögnum því að horft sé til samstarfs við sveitarfélög og atvinnulíf vegna markmiða um kolefnishlutleysi. Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki í því verkefni og skorar Akureyrarbær á ríkið að horfa sérstaklega til þess hvernig gagnaöflun, hvatar og gjaldtaka geti nýst sveitarstjórnarstiginu sem sannarlega ber mikla ábyrgð í málinu.

- Það er verulegt áhyggjuefni fyrir landshlutann að 220-240 m.kr. vanti til reksturs Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) og að áætlað framlag dugi ekki til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda síðustu ára. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að vinna markvisst að áframhaldandi undirbúningi vegna legudeildar SAk, tryggt verði að áætlun um byggingu deildarinnar standist og að hún verði tekin í notkun ekki síðar en árið 2027.

- Einnig er það mikið áhyggjuefni að svo virðist sem Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) vanti vel á annað hundrað milljónir króna í rekstur næsta árs miðað við

áætlað framlag. HSN gegnir mikilvægu hlutverki á starfssvæðinu og er óboðlegt að stofnunin þurfi að glíma við slíkan rekstrarvanda.

- Bregðast þarf við þeim þrengingum sem nú blasa við Verkmenntaskólanum á Akureyri en hann annar ekki lengur eftirspurn eftir verknámi vegna plássleysis. Skorað er á ríkisvaldið og skólann að leita lausna á þeim vanda til hagsbóta fyrir íbúa og atvinnulíf á Norðurlandi.

- Skortur á gagnsæi og fyrirsjáanleika í fjárveitingum er áhyggjuefni fyrir rekstur Háskólans á Akureyri. Mikilvægt er að ráðuneyti háskóla taki föstum tökum reiknilíkan um útdeilingu fjármagns til háskóla og að skólarnir fái greitt fyrir þau nemendaígildi sem þau bjóða upp á.

- Akureyrarbær fagnar því að í fjárlagafrumvarpi sé gert ráð fyrir fjármagni til að stækka flugstöð og flughlað á Akureyri. Það er grundvallaratriði fyrir flugsamgöngur í landshlutanum og mun verða mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar um allt Norðurland um leið og uppbygging þessara innviða eflir þjónustu við íbúa alls landsins. Samhliða er mikilvægt að tryggja fjármagn í flugþróunarsjóð, uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu víða um land, sem og sérstaka markaðssetningu á millilandaflugvöllum og áfangastöðum á landsbyggðinni.

- Loks skorar Akureyrarbær á ríkisvaldið að bæta til muna vetrarþjónustu á vinsælum ferðamannastöðum á svæðinu, þá sérstaklega á nýopnuðum Demantshring. Óheppilegt er að leggja verulegt fjármagn til uppbyggingar vegarins frá Mývatnsöræfum að Dettifossi og norður í Ásbyrgi en láta hjá líða að ryðja þann sama veg að vetrarlagi.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri

Bæjarstjóri

Geislagata 9 600 Akureyri (354) 460 1000 asthildur@akureyri.is www.akureyri.is